

Páll Skúlason

Síðasta vetrardag lauk langri vetrarferð Páls Skúlsonar. Í erfiðum veikindum fann hann skjól í heimspekinni og vann af kappi að skrífum og útgáfu verka sinna, sýndi ótrúlegan andlegan styrk og æðruleysi.

Páll var faðir akademískrar heimspeki á Íslandi. Hann var fyrsti prófessor greinarinnar eftir að farið var að bjóða uppá nám í heimspeki til BA prófs. Hann var brautryðjandi í skiplagningu námsins og kenndi flestum þeim sem nú starfa við greinina hér á landi. Hann var líka faðir greinarinnar í nærandi skilningi þess orðs. Hann var alltumvefjandi, áhugasamur og ráðagóður. Til Páls var alltaf gott að leita, hann hafði trausta dómgreind, var skarpur greinandi og bar hag annarra fyrir brjósti.

Páll var persónulegur heimspekingur. Hann smíðaði sínar eigin kenningar og gerði sér far um að nálgast heimspekileg vandamál út frá eigin hugsun. Honum var ætíð umhugað um að koma heimspekinni á framfæri við almenning og sýna hve miklu það skipti hvernig við hugsum um heiminn og öll okkar viðfangsefni. Hann hafði því sífellt vakandi auga fyrir því hvernig heimspekin og heimspekingar gætu lagt íslensku samfélagi gott til og hvatti okkur til dáða.

Í þessum anda setti hann Siðfræðistofnun á laggirnar árið 1988 en helstu verkefni hennar fyrstu árin voru að standa að málþingum fyrir almenning og gefa út bækur á íslensku um siðfræðileg viðfangsefni. Með því móti vildi hann svara áhuga fólks á siðfræði og sýna fram á erindi hennar við okkur í daglegu lífi. Sjálfur var hann afbragðsfyrirlesari og almennar vinsældir hans urðu til þess að strax á fyrstu árum stofnunarinnar festist hún í sessi í huga almennings.

Páll var óvenju miklum gáfum gæddur sem einkenndi allt hans fas. Hann var glaðlyndur og hafði örlátt og viturt hjarta. Það er mikil gæfa og forréttindi að hafa verið nemandi hans, kollegi og eiga hann að vini.

Salvör Nordal